

Stjórnarfundur FORMA nr. 3 2009 – 2010

Staður: Gamli skóli

Dags: 25. nóv. 2009

Tími: kl. 17:00

Mættir: Herdís Zóphóníasdóttir fulltrúi MA, Þórleifur Björnsson, Herdís Ívarsdóttir, Arnfríður Kjartansdóttir, Anna Richardsdóttir og Elín E. Magnúsdóttir.

1. Fundarsetning

Þórleifur setti fund og stjórnaði honum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð var borin upp og samþykkt. Rætt um að fundagerðir verði sendar til Sverris Páls ritstjóra heimasíðu MA eftir að þær hafa verið samþykktar.

3. Tengsl stjórnar við foreldra og tengslanet foreldra

FORMA er komið með tengil á heimasíðu MA sem er MA/kvosin/FORMA. Rætt um hvort aðgengið sé nógu gott á þennan hátt þar sem ekki er bein leið af forsiðu heimasíðunnar. Stjórnarmenn ætluðu að skoða þetta, meta og ræða á næsta fundi. Rætt var um hvort foreldrar geti haft aðgang að netföngum annarra foreldra t.d. innan bekkja. Rætt um bréf til foreldra þar sem starfsemi FORMA er kynnt og hvar hægt er að finna upplýsingar um félagið á heimasíðu MA. Herdís Ívarsd. tók að sér að gera drög að bréfi. Rætt um hvort foreldrar 2. bekkinga sætti sig við að aðalfundarboði sé einkum beint til foreldra 1. bekkinga.

4. Partýhald

- a) Talsvert hefur verið haft samband við Þórleif út af salarpartýjum og greinilegar áhyggjur foreldra sem telja þá hugsun algenga að nemendur komist ekki inn í samfélag MA-inga nema þeir neyti áfengis. Dæmi voru nefnd um partý sem væru skipulögð þannig að þátttakendur greiddu hluta af áfengis kaupum. Þórleifur segir fólk furða sig á því að skólinn telji sig ekki bera ábyrgð. Dæmi væru um afskipti lögreglu af skemmtanahaldi menntskælinga. Anna, Elín og Ívar fóru á fund með stjórn Hugins sem sagðist lítið geta gert í því máli að koma í veg fyrir partýhöld þar sem slík partý fari ekki fram á vegum skólafélagsins. Stjórn Hugins er stolt af því vímulausa félagsstarfi sem fram fer í MA. Einnig telur stjórnin að samband böðla og busa sé mikilvægt í skólastarfinu og þá sér í lagi við að leiðbeina 1. bekkjum um mikilvæg atriði í skólalífínu og efla hópkennd inna 1. bekkjanna. Herdís Zóphóníasd. sagði kennara gera sér grein fyrir vandræðum sem skapast af sambandi böðla og busa, margt sé jákvætt en sumt sé ekki gott.
- b) Þórleifur hafði samband við Lýðheilsustöð til að leita ráða og stuðnings þaðan í forvarnarmálum. Þar var bent á samtökin Heimili og skóla og einnig Fræin. Anna tók að sér að athuga hvað Heimili og skóli gætu hugsanlega gert. Rætt var um að efna til annars forvarnarfundar með svipuðu sniði og 19. mars s.l. Stjórnin furðar sig á að dyravarsla inn á skemmtistaði sé ekki betri en dæmin sanna og var m.a. nefnt ball með Gus Gus í Sjallanum fyrir skömmu þar sem allt of ungir krakkar komust inn með engri fyrirhöfn. Spurt er eftir löggæslunni í þessum málum og ábyrgð skemmtistaðarins. Arnfríður tók að sér að hafa samband við lögregluna. Rætt var um stöðu forvarnarfulltrúa í MA

og tók Þórleifur að sér að tala við Jón Má um það mál og hvort ekki væri þörf á að endurvekja forvarnarfélagið GLÍMA.

c) Bréf til leigusala er farið út.

5. Næsti fundur verður miðvikudaginn 16. desember kl. 17:00

6. Fundi slitið kl. 18:10

Elín E. Magnúsd.